



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FRAMSETNINGARFORM FYRIR GJALDAYFIRLIT OG GJALDSKRÁ OG  
STAÐLAÐA HUGTAKANOTKUN YFIR ALGENGUSTU TEGUNDIR ÞJÓNUSTU SEM TENGJAST  
GREIÐSLUREIKNINGUM



# UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM STAÐLAÐ FRAMSETNINGARFORM  
FYRIR GJALDAYFIRLIT OG GJALDSKRÁ OG STAÐLAÐA  
HUGTAKANOTKUN YFIR ALGENGUSTU TEGUNDIR  
ÞJÓNUSTU SEM TENGJAST GREIÐSLUREIKNINGUM

2023 nr. 1

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 10. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), [www.fme.is](http://www.fme.is).

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

## REGLUR

### um staðlað framsetningarform fyrir gjaldskrá og gjaldskrá og staðlaða hugtakanotkun yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum.

1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um gjaldskrá, hugtakalista og gjaldskrá yfir gjaldskrá sem greiðsluþjónustuveitandi skal láta neytanda í té samkvæmt 3. og 4. gr. laga nr. **xx/2022**, um greiðslureikninga.

2. gr.

#### *Hugtakalisti og gjaldskrá.*

Samkvæmt 3. gr. laga nr. **xx/2022**, um greiðslureikninga, skal greiðsluþjónustuveitandi láta neytanda í té gjaldskrá á pappír eða öðrum varanlegum miðli, þar sem fram koma stöðluð hugtök yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningi og tilsvarende gjöld fyrir hverja þjónustu sem greiðsluþjónustuveitandi býður. Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerðir (ESB) sem mæla fyrir um framsetningarform fyrir slíka gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess sem og staðlaða hugtakanotkun Evrópusambandsins yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum. Gjaldskrá skal jafnframt taka mið af lokaskrá sem tilgreinir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum og birt er í viðauka við reglur þessar.

3. gr.

#### *Gjaldskrá.*

Samkvæmt 4. gr. laga nr. **xx/2022**, um greiðslureikninga, skal greiðsluþjónustuveitandi, a.m.k. einu sinni á ári og án endurgjalds, láta neytanda í té yfirlit yfir öll gjöld sem stofnað hefur verið til með notkun greiðslureiknings. Reglur þessar eru settar til að innleiða reglugerðir (ESB) að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir slíkt gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess.

4. gr.

#### *Innleiðing reglugerða (ESB).*

Með vísan til 2. og 3. gr. öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/32 frá 28. september 2017, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um staðlaða hugtakanotkun Sambandsins yfir dæmigerðustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 660-682](#).
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/33 frá 28. september 2017, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarform fyrir gjaldskrá og sameiginlegt tákn þess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 683-693](#).
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/34 frá 28. september 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðlað framsetningarsnið fyrir gjaldskrána og

sameiginlegt tákni þessi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2021 frá 11. júní 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 18. frá 17. mars 2022, bls. 694-701.](#)

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. xx//2022, um greiðslureikninga, öðlast þegar gildi.

Reykjavík,

*Seðlabanka Íslands, [dd.mm.] 2023*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri

**Björk Sigurgísladóttir**  
frankvæmdastjóri háttsemiseftirlits

## VIÐAUKI

### Lokaskrá – hugtakalisti

<i>Hugtak</i>	<i>Skilgreining</i>
<b>Rekstur reiknings</b>	Reikningsveitandi rekur reikninginn til þess að viðskiptavinur geti haft af honum afnot.
Reikningsyfirlit	Kostnaður vegna útprentunar á reikningsyfirliti í útibúi.
Aðgangur að netbanka	Reikningsveitandi veitir viðskiptavini aðgang að netbanka.
<b>Millifærslur/greiðslur</b>	
Millifærsla innanlands	Reikningsveitandi millifærir peninga samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af reikningi viðskiptavinar inn á annan reikning innanlands.
Millifærsla milli landa	Reikningsveitandi millifærir pening samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af reikningi viðskiptavinar inn á annan reikning í öðru landi.
Reglulegar millifærslur	Reikningsveitandi millifærir reglulega samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar fasta fjárupphæð af reikningi viðskiptavinar inn á annan reikning.
Beingreiðslur	Viðskiptavinur heimilar einhverjum öðrum (viðtakanda) að beina því til reikningsveitanda að millifæra fé af reikningi viðskiptavinar til viðtakandans. Reikningsveitandi millifærir þá fé til viðtakandans á þeim degi eða dögum sem viðskiptavinur og viðtakandi hafa sammælt um. Fjárhæðin getur verið breytileg
<b>Debetkort</b>	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist reikningi viðskiptavinar. Fjárhæð hverrar færslu sem gerð er með kortinu er tekin beint og að fullu af reikningi viðskiptavinar.
Árgjald debetkorts	Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda fyrir þjónustuna.
Endurútgáfa debetkorts	Gjald vegna endurútgáfu debetkorts sem hefur glatast.
Færslugjöld	Sérstakt gjald fyrir hverja færslu þegar greitt er fyrir vöru eða þjónustu.
Færslugjöld í hraðbanka	Greiðsla fyrir úttekt reiðufé í hraðbanka.
Innistæðulaus færsla (FIT)	Kostnaður við færslu þegar ekki er næg innistæða fyrir úttektinni af greiðslureikningi.
<b>Kreditkort</b>	Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Heildarfjárhæð færslu sem gerð er með kortinu á tilteknu samþykktu tímabili er dregin annaðhvort að fullu eða að hluta af greiðslureikningi viðskiptavinar á ákveðnum degi. Það ræðst af lánasamningi milli reikningsveitanda

	og viðskiptavinar hvort viðskiptavinurinn greiðir vexti fyrir lántökuna.
Árgjald kreditkorts	Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda fyrir þjónustuna.
Endurútgáfa kreditkorts	Gjald vegna endurútgáfu kreditkorts sem hefur glatast.
Úttektargjald innanlands	Kostnaður við úttekt reiðufé úr hraðbanka innanlands
Úttektargjald erlendis	Kostnaður við úttekt reiðufé úr hraðbanka erlendis
<b>Yfirdrættir og tengd þjónusta</b>	
Yfirdrættarheimild	Reikningsveitandi og viðskiptavinur koma sér saman um það fyrirfram að viðskiptavinur geti fengið lánað fé þegar engin innstæða er eftir inn á reikningnum. Í samkomulaginu er ákveðið hver hámarksfjárhæðin er sem hægt er að taka að láni og hvort gjöld og vextir verða innheimt af viðskiptavininum.